

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



Nefndarsvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 139/221
komudagur 10.11.2010

Reykjavík, 9. nóvember 2010
EBG/hó

Efni. Endurflutt mál 42. Umsögn um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013, á 139. löggjafarþingi, þskj. 43
Tilv. 2010050022

Þingsályktunartillagan barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 27. október 2010. Bændasamtökin gera svofelldar athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

Lítið er minnst á landbúnað í byggðaáætluninni. Bændasamtökin benda á að skógrækt og landshlutabundin skógræktarverkefni bænda eru vaxandi atvinnugrein og því er lögð áhersla á að vægi landbúnaðar verði aukið frá því sem er. Eðli máls samkvæmt hlýtur að þurfa að fjalla um landbúnað í stefnumótandi byggðaáætlun þar sem markmiðið er að bæta skilyrði til búsetu nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum. Þetta verður ekki gert nema með aðkomu landbúnaðar sem atvinnugreinar.

Þá er ekki fjallað um opinbera þjónustu á landsbyggðinni en fyrirhugaður niðurskurður hins opinbera á landsbyggðinni samkvæmt fjárlögum næsta árs gefur ærið tilefni til þess að mynda heildstæða stefnu um grunnþjónustu á landsbyggðinni. Nú orðið virðist rík tilhneiging vera til þess að færa þjónustu frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins en það hlýtur að stefna búsetuskilyrðum í dreifbýli í hættu. Bændasamtökin leggja því áherslu á að fjallað verði um þennan mikilvæga málaflokk í þessari stefnumótandi byggðaáætlun. Til stofnana ríkisins, hvort sem þær eru reknar í félagiformi eða ekki, verður að gera skýrar lágmarkskröfur um þjónustu við íbúa á landsbyggðinni. Í dæmaskyni má nefna að gróf mismunun eins og fram hefur komið í pósthjónustu á landsbyggðinni er óviðunandi. Skilyrði til búsetu á landsbyggðinni verða ekki bætt nema þar sé viðunandi grunnþjónusta fyrir íbúa þar og framtíðaráætlun um hana liggi fyrir.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Bl. Guðjónsson, lögfr.